

Reykjavík, 10. október 2017
R17100173

Borgarráð

Hugmyndaleit vegna fyrstu íbúðakaupa

Borgarstjóri hefur skipað starfshóp um ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur. Í tengslum við skipan starfshópsins hefur verið ákveðið að auglýsa eftir hugmyndum samkvæmt meðfylgjandi auglýsingu. Er auglýsingin hér með lögð fram og kynnt fyrir borgarráði.

Dagur. B. Eggertsson

Hjálagt:
Drög að auglýsingu


Ert þú með hugmyndir um hvernig byggja má ódýrar og vel hannaðar íbúðir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur?

Hvernig deililausnir og útfærsla skipulags geta gagnast í sama tilgangi?

Eða hvernig byggja má upp sterkan leigumarkað?

Settu þig þá í samband við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar eða sendu okkur hugmyndir á netfangið sea@reykjavik.is Á heimasíðu skrifstofunnar er hægt að nálgast frekari upplýsingar.

Nýtt deiliskipulag í Gufunesi á svæði Áburðarverksmiðjunnar er nú í vinnslu og er gert ráð fyrir að samþykkt deiliskipulag liggi fyrir í apríl á næsta ári.



Myndin sýnir fyrirhugað uppbyggingarsvæði í Gufunesi. Uppbygging verður fyrst á skyggða svæðinu.

Jafnframt gera áætlanir ráð fyrir því að nýtt deiliskipulag í Bryggjuhverfi verði auglýst innan tíðar og á næsta ári verði auglýst deiliskipulag í Ártúnshöfða.

Þá eru í gangi viðræður við ríkið um lönd ríkisins í borgarlandinu.

Á öllum þessum svæðum er gert ráð fyrir að vinna með hugmyndir varðandi ódýrar nýstárlegar íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur. Spannandi hönnun og hagstætt verð eru lykilorðin. Borgarstjórinn í Reykjavík skipaði með erindisbréfi sem lagt var fram í borgarráði starfshóp til að fjalla um þessi mál. Er starfshópnum m.a. ætlað að vinna tillögur að úthlutunarskilmálum og frekari undirbúningi að útfærslum svo koma megi af stað byggingu íbúða sem fyrst eftir að deiliskipulagsáætlanir þessara svæða hafa verið samþykktar. Starfshópurinn mun síðan vinna með innkomnar hugmyndir og leggja fyrir borgarráð tillögur byggðar á þeim. Jafnframt er stefnt að því að í ráðhúsinu verði haldin þemadagur í byrjun desember þar sem gerð verður frekari grein fyrir þeim hugmyndum sem að fram komu og hvað liggur til grundvallar þeim tillögum sem að starfshópurinn gerði til borgarráðs.